

# HEIMIR

---

I. ÁR. ❁ WINNIPEG, MAN. 25. ÁGÚST 1904. ❁ NR. 2.—3.

---

## Vorsins dís.

Þitt kyssir hár, með knöppum rósa,  
á hvelfða mjöðm í sunnanblæ,  
og þú ert dísin daga ljósra  
úr dagsins hvíta risin sæ.

Hinn kveikta hita kinnar finna;  
sem klæði nótt og dögg þig fól,—  
En nú um bungur brjósta þinna  
sig brenna dropar móti sól.

Þeir ganga' á bál á barmi þínum  
við blárri æða kviku slög,  
þeir falla' um þig í loga-lfnum  
um lima þinna mjúku drög.  
Og morguns árið andkul leiðir  
frá austurdjúpum þér um brár,  
En aftanroða-unnin freyðir,  
og um þitt gula fellur hár.

Og anda þinn og yl frá munni  
eg anda mér á kinnum finn.  
Þín lilja' og rós frá ljóssins brunni  
nú litar-blæinn draga sinn.  
Hann leitar eftir leiðum nýjum,  
og leggur þér um háls og arm,  
er vestrið raðar roðaskýum  
sem rósaknippi' á himins barm.

Þín list er háleit, heilagt kallið, —  
eg hugum-fanginn til þín geng.

Og öldusvíf og fossins fallið  
á frelsis heim í þínum streng.

Og raddir vinds og vatna hreinu—  
þær við minn andi glaður þreyr,

því þær eru ljóðin, ljóðin einu,  
sem lifa þar til sólin deyr.

Þitt bragar-lag á annar enginn—  
þín Edda' er haf með straum og vind.

Þú kannt á flest að festa strenginn—  
á fossinn, báru, hamratind.

Öll lífsins þreyta' af hugum hrynur  
við hjarta þér, sem dökk af rós.

Í æsku margur er þinn vinur,  
þá eru nætur sólar ljós.

Og eg, svo gamall, er þinn vinur,  
þú unga, fagra vorsins dís!

Á meðan sölnað stráið stynur  
þinn starfi' er fyrst að bræða ís.

Eg sé þig úti' á unnum bláum,  
í eiki-lundi strýk þitt hár,

á daggar-úða stömum stráum  
við snerting finn þín nætur-tár.

Í þína hljóðu huldu-sali  
eg hraða mér svo oft um kveld.

Eg finn þú kemur, tek þig tali,  
er tendrar bláa stjarnan eld.

Eg líf og frelsi finn á sandi  
og fegurð þar þú settir fót.

Eg dvel á þínu dýrðar-landi  
við dags og sólar vegamót.

KRISTINN STEFÁNSSON.

## KYRKJUÞING.

Síðan á dögum hinna almennu kyrkjuþinga (Æcumenical Councils), er haldin voru á öndverðri tíð kristinnar, hafa kyrkjuþing verið fágæt nú lengi. Enda voru þessi gömlu þing þess leiðis næsta ólík þeim, er nú tíðkast, að þau máttu gjarna leggjast niður. Á þeim þingum mætti að eins kennilyður kyrkjunnar, og var þar engum öðrum manni heimilt að vera. Almenn-ingurinn var þá ekki talinn með, og hafði hann ekkert yfir því að segja, hvað þar gjörðist. Enda gjörðist þar fátt annað en þessar eftirminnilegu trúarsamræður, er vanalegast lyktuðu með barsmið og vígafærlum, þegar verið var að semja játningarritin.

Nú á síðari tímum hefir margt breytst. Það er nú engan veginn álitid eins sjálfsgagt og tyr meir, að söfnuðurinn og presturinn séu eitt, og þetta eina sé presturinn. Það er farið að verða svo, að hver einstaklingur innan kyrkjunnar er tilvera út af fyrir sig, engu síður en utan hennar. En það er ekki ýkja langt síðan sú skoðun fór fyrst að ryðja sér til rúms. Það fer ekki að votta fyrir henni fyr en nokkru eftir Siðabót, er almenn-ingur fer að láta í ljósi löngun sína, að fá að hafa hönd í bagga með trúmálin, og afsegja að láta sníða skoðun sína upp eftir því, sem konungi og kennilyð þótti bezt við eiga.

Þýzka siðabótin gekk fram hjá almúganum, og þó var Lúter bóndasonur. Það var svo óvanalegt að ætla, að óbreyttur bóndamaður hefði nokkurn skilning á trúmálum, þessum helgu hlutum, er voru biskupanna einna meðfæri að dæma um. „Der Deutsche Bauer“ varð að hafa á höfðinu og bíða eftir að heilagur andi talaði fyrir munn sinna biskupa. Og þeir og konungurinn allra náðarsamlegast gjörðu þær breytingar, er þeim þótti við þurfa, að landsbúum fornspurðum.

Það er fyrst innan þeirra flokka, er álitnir voru ekki meira en svo rétttrúaðir, að almenningur fer að láta til sín heyra og verða nokkurs ráðandi um kyrkjumál. Þúritanarnir gömlu á Englandi og Hollandi afnámu biskupsembættin og í þeirra stað komu þingin, þessi síðari kyrkjuþing, er orðin eru nú svo almenn. Í þeirra augum var trúin mál, er viðkom öllum jafnt,

ríkum sem fátækum, og sál og sannfæring bóndamannsins jafngildi sálar og sannfæringar þeirra, er ofar sátu.

Eins og kunnugt er, náðu þessar skoðanir út fyrir kyrkjuna. Þær urðu aðal undirrót framfara og frelsishreyfinga seytjándu og áttjándu aldarinnar, og fjöturinn, er batt konungsvaldið og gaf þingi og þjóð fullkomið sjálfstæði, unz að nú er komið svo, að þar, sem þjóðin fær ekki mestu að ráða um sín andlegu og veraldlegu mál, þar þykir óþolandi harðstjórn og kúgun.

Það er því dálítið einkennilegt að rekja ættir þessara protestantisku kyrkjuþinga og sjá, hversu þau hafa orðið til. Það sýnir svo ótvíráðlega kraftleysi kyrkjunnar að halda við sína fornu lærdóma án þess að láta undan síga. Hugmyndin, sem liggur til grundvallar kyrkjuþingunum, er alveg gagnstæð þeirri, er falin er í biskupavaldinu, á sama hátt og lýðstjórn er gagnstæð konungsstjórn í ríkismálum. Fólk yfir höfuð heimtar alt af meira og meira frelsi. Það heimtar alt af, að fá að hafa meiri ráð í landsmálum eftir því sem tíminn líður. Og ríkið verður að láta að kröfum þess og kyrkjan líka.

Þær kyrkjudeildir, er jafnan hafa byggt alla sína stjórn á fyrirmælum almennra þinga, eru Kongregazionalistar og Unitarar. Það er grundvallaratriðið í kyrkjurétti þeirra. Hugmyndinni, sem ríkir í biskupakyrkjunum, að einstaklingurinn sé til að eins fyrir kyrkjuna, er alveg snúið við hjá þeim. Kyrkjan er til að eins fyrir einstaklinginn, og honum á hún að vinna gagn ella að öðrum kosti að deyja.

Að kyrkjuþinga hugmyndin hefir rutt sér til rúms hjá oss Íslendingum hér vestra, er ekki nema eðlilegt. Það er dálítið einkennilegt samt, að lútherska kyrkjan með biskuparéttinn skyldi gjörast að forminu til kongregazional, og þó þykjast vera óumbreytanleg og ein og sú sama, og hún hefir alt af verið. Skyldi það nú vera þýðingarminni tilbreyting frá kyrkjulegu sjónarmiði, en þótt farið væri að hrófla við einstöku atriðum játningarritanna, er þegar eru orðin langt á eftir tímanum? \* Væri ekki gott, að almenningur athugaði það, fyrst hann hefir nú eignast þau réttindi, að mega ræða mál sín á þingum?

\*) Sbr. tillögur Matth. Jochumssonar á prestastefnunni norðan lands í fyrra sumar, og hvað „Verði ljós“ sagði um þær.

Lúthersku kyrkjuþingin Íslendinga hér vestra eru sniðin eftir og tekin frá Kongregazionalistum og Unitörum. En til þess að þau geti orðið meira en nafnið tómt, þá verða þau að vera meira en skuggi frummyndanna, sem þau eru sniðin eftir. Það þarf að vanda til þeirra, senda þangað þá beztu menn, sem völ er á, en ekki einhverja hérvillinga, sem gjöra ekkert annað, en herma eftir prestinum sínum og segja AMEN. Með því verður þingið ekkert annað en prestastefna, og til þessa hefir það verið lítið meira.

Þing það, er haldið var hér fyrir nokkru síðan, var og nokkuð á þá leið. Það var all fjölmennt, og gestkomandi voru hér margir góðir drengir, en fæstir þeirra skipuðu þingbekk. Enda varð afraksturinn ærið smár. Það er komið upp í hefð, að velja ekki aðra á þing en þá, er sem fæst orð hafa að segja um alla hluti, stóra og smáa, og kom oss það nokkuð kynlega fyrir í þetta sinn, þar sem búið var að hafa jafnmörg orð fyrir þing bæði norðan og sunnan línunnar um það, hvað ætti að gjörast. Heyrst hafði að skólamálið hefði átt að takast alvarlega til flugunar, eins og ekki var vanþörf á, en lítið mun þó hafa orðið úr því, vegna þess að öllum féll þar ketill í eld, að segja meiningu sína frammi fyrir öldungum ráðsins. Það var búið að undirstinga alla þingmenn frá Dakota um, að greiða atkvæði sín sem einn maður, er til þings kæmi, og það strax í vetur. Prestar og söfnuðir voru þar á einu máli, að hér þyrfti umbóta með, en er til stykkisins kom, fórst þeim eins og spámönnunum forðum daga, þeir urðu sem dumbir hundar, er kunnu ekki að gelta.

Málið í heild sinni var sett í nefnd, og þá var eins og bjargi létt af öllum, að þurfa ekkert meira um það að segja, en mega kenna nefndinni um hvað svo sem gjört yrði. Og svo var nefndarálið samþykkt.

Hið einkennilegasta við þetta nefndarálit var það, að næstkomandi vetur skyldi kyrkjufélagið kosta kennslu í Íslenzku við tvo skóla, annan norðan en hinn sunnan landamæra. Þó munu peningar naumast nógir í sjóði til þess, að kosta einn kennara, ef maður væri til að sinna þeim starfa, svo í lagi væri, og legði hæfilegt mat á verk sitt. En hvað sem því líður, eiga nú að verða tveir kennarar, ef almenningur vill rífka tillögin.

Skólinn, er kjörinn var til þess að fá þenna aukastól, er einn með þeim smæstu og ófullkornustu skólum sunnan landamærunna, er þó ber „College“ nafn. Hann er eign norsku sýnóðunnar í Bandaríkjunum, og er ætlaður sem undirbúningsstofnun fyrir lúthersku prestaskólana, því eins og þar stendur, þá þarf ekki að vanda torfið. Maðurinn, er tilnefndur var og biðja á að gjöra svo vel að stíga ofan í þessa „kölkuðu gróf“, er valinkunnur hæfileikamaður, og því skaði að vita til þess, ef hann skyldi taka því boði. Það er ekki minnsti vafi á því, að honum þyrfti ekki að verða í kot vísað líkt og þetta, ef hann kæmi hingað til lands og að eins heði það í huga, að leggja fyrir sig kennslu í Íslenzkum fræðum. Allir betri háskólar þessa lands hafa þegar fært Íslenzku og Norrænu inn á kennsluskrá sína, og við fjölda þessara stofnana væri autt sæti einhverjum þeim, er því verki væri vaxinn. Vér vitum fyrir víst, að svo er ástatt við Harvard og Colombía háskólana, og væri ekki úr vegi fyrir herra Blöndal að grennslast svolítið frekar eftir því, áður en hann færi alla leið til sankti Péturs (St. Peter).

Hið annað athugaverða við nefndarálit þetta er, að gengið skuli vera framhjá ríkisháskólum Norður Dakota og Minnesota. Af öllum skólum í Bandaríkjunum hafa Íslendingar sótt þá skóla mest, sem eðlilegt er, þar sem aðal nýlendurnar eru í þessum tveimur ríkjum. Þeir eru opinberar stofnanir, kostaðar af almennings fé. Þar verður og framtíðar heimili þeirrar menningar, er blómgast innan þeirra ríkja. Við Norður Dakota háskólann hefir myndast fjölmennt íslenzkt stúdentafélag, er unnið hefir að íslenzkri bókasöfnun þangað nú í síðast liðin tvö ár. Það sýndist því ekkert liggja beinna við, en að setja þar íslenzkan kennara. En kyrkjufélagið gengur fram hjá þessari stofnun og þeim tilraunum, er íslenzkir námsmenn hafa gjört í þá átt, að gjöra hann að íslenzkum „Center“, fyrir þá skuld, að skólinn sé ekki lútherskur! Eftir því að dæma, er þá þessi Íslenzkukennsla kyrkjufélagsins að eins lútherskt spursmál en ekki þjóðernislegt, né gjörð í þeim góða tilgangi, að vinna þjóðflokki vorum varanlegt gagn og gildi hér vestan hafs. Skal það vera haft á orði, þegar verið er að biðja um peninga í skólasjóðinn?

Í þetta sinn ætlar Heimir ekki að segja meira um þetta

skólamál, en lofar að hugsa til þess seinna. En það er að eins eitt, sem vér vildum bæta við, og það er, að þegar um annað eins mál er að ræða og þetta, þá er það ömurlegt, hve almenn-ingur er ljúfur og leiðitampur eða hugsunarlaus um þau efni. Hann líður hvaða svívirðu og skömm sem er, þótt út yfir taki, að líða það, að gengið sé fram hjá sínum eigin skóla, og gefa til þess stórfé, að málinu sínu, Íslenzkunni, því eina eigulega, sem þjóðin á, sé sökkt niður í þá holu, þar sem allur sannleikur er marg krossfestur á Golgatha afturhaldsins. Ichabod! Ichabod! Dakotamenn. Dýrðin hefir yfirgefið oss.

Yfir höfuð að tala munu fáar tillögur nokkurs varðandi hafa komið fram frá leikmönnum á þessu þingi, enda hefir sjálfsagt ekki verið til þess ætlast. Fyrst var ekki þingi svo skipað, að fáum undanteknum, að þess væri að vonast, og svo í öðru lagi var svo mikið um mannfögnuð og veizluhöld, að gestirnir, sem hingað komu, voru svo snortnir af velvildinni, er þeim var sýnd, að þeir hefði átt bágt með að fitja upp á nokkrum þeim málum, er ekki hefði öllum í geð fallið. Að öllum líkindum hafa þeir þó munað orðin, að guðs ríki er hvorki matur né drykkur, en svo hefði það verið brot á móti íslenzku „Etiquette“ að minnast ekki orðanna „vel sé þeim, sem veitti mér.“

„Með hálfum hleif ok með höllu kerri fekk ek mér féлага“ segja Hávamál og ennfremur „Lítilla sanda, lítilla sæva, lítil ero geð guma.“ Skyldi ekki orð þau reynast býsna oft æði sönn, þegar menn komast til rólegheita eftir á og líta yfir það sem liðið er og gjört er? Hvernig væri að menn breyttu nú svo mikið eftir Skriftlærðum og Faríseum, sem á Móses stóli sitja, að þeir breikkuðu svo minnisblöð sín, áður en til mannfunda væri gengið, að þeir kæmu þar orðunum: „Lítil eru geð guma.“

## Staka.

Eg sá það á blöðunum síðast:  
 Hið sama' er, sem fyrrum, enn,  
 að kristnir menn herja þá heiðnu,  
 og hrifsa, og drepa — menn.

VIÐAR.

## Háskólalíf á miðöldunum.

Nú á dögum, þegar skólar eru á hverju strái og flestallir hafa sótt þá einhvern hluta æfningar, sæta þeir lítilli eftirtekt sem óvanalegar eða sjaldgæfar stofnanir, er beri að hlúa að eða vernda um alla hluti fram. Þessu var öðruvísi varið á miðöldunum, meðan það taldist konunglegu ágæti næst, að kunna að skrifa eða lesa saman nokkra stafi. Þá voru skólar mjög fágætir og margt gjört þeim til uppbyggingar og viðhalds.

Frammi í fornöld, þegar skólahugmyndin fyrst byrjar, var hún mjög ólík því, sem hún síðar varð hjá Norður-Evrópu þjóðunum. Hinir fyrstu skólar voru hvorki bundnir við stað eða stund, né hús eða lagaskipanir. Þeir voru aðeins haldnir þar, hvort heldur það var undir þeru lofti eða í musterum eða samkunduhúsum, sem kennaranum þóknaðist, og þar sem hann gat fengið flesta tilheyrendur, því skólinn var ekkert annað en kennarinn og þeir, sem utan um hann þyrptust og gjörðust fylgjendur hans. Í þá daga var kennslan öll munnleg. Af þessu dróg og skólinn nafn. Orðið er af grískum uppruna og þýðir iðjuleysi, eða þeir sem ekkert hafa að gjöra, nema hlusta á þessa menn, er fóru land úr landi að kenna.

Það þótti ekki mikið verk í því, og hefir máske ekki verið fyrst framan af, en svo voru menn ekki móttækilegir fyrir mjög mikið þá, enda vissu þeir skammt, og spursmálin voru mörg að leysa úr, er siðmenningin var rétt að byrja. Það gjörir ekki betur ennþá, en fjöldinn geti fylgst með samtíðinni, hvað þá að taka nokkuð fram í tímann.

Sem dæmi þessara fornaldarskóla má nefna Sókrates og Jesú. Báðir voru kennarar, báðir drógu að sér sveit ungra manna og hvor í sínu lagi uppfræddu menn í þeim sérstöku fræðum, er þeir lögðu stund á.

Það sem einnig mætti taka fram og sem einkenndi þessa upp runalegu skóla var það, að þeir tóku fyrir aðeins eina kennslugrein og tengdu, svo allt annað, sem heimurinn í þá daga þekkti, þar við. Þannig var það siðfræðin, sem Sókrates lagði aðal stund á; aístaða mannsins við heiminn og guðina, og lögmál þess sanna og rétta.



En svo smá breyttist þetta skólafyrirkomulag. Maðurinn þroskaðist. Nýrri skólar urðu að taka þeim eldri fram. Uppfræðslumálin fóru að sæta meiri eftirtekt, og það álit smá hætti, að þau væri algjört „íðjuleysi.“ Fastir skólar komust á. Bókasöfn mynduðust. Rit hinna eldri voru lögð til grundvallar nýjum rannsóknnum, og þannig fetaði hin blómlega suðræna menning áfram hægt og seint, unz hún náði sínu hæsta stigi um það leyti, er hið rómverska keisaradæmi hófst, eða um árið 14 f. K. Skólar komust á stofn í helztu borgum Miðjarðarhafslandanna, og þangað hópuðust lærðir menn úr öllum áttum.

Frægastir allra þessara fornaldarskóla urðu þó skólarnir í Alexandríu á Egyptalandi og í Antioch í Litlu-Asíu. Alexandríu skólinn stóð með miklum blóma í margar aldir, unz Serkir eyðilögðu hann að síðustu, er þeir hertóku borgina á 7. öld e. Kr. Við Alexandríu skólann voru flestir hinir merkustu fræðimenn fornaldarinnar, og nokkrar þeirra kennslubóka, er þar voru samdar, eru notaðar til þessa dags, eins og til dæmis jarðmælingafræði Euclíds (Geometria). Þar var og samin hin fyrsta landafræði með landauppráttum. Hana gjörði Ptolemeus, hinn frægi gríski stjörnuspekingur og vísindamaður. Þar var og heimspeki kennd, guðfræði og fleira. Og var þar fyrst fyrir alvöru farið að reyna að útskýra hina fornu goðafræði Grikkja og Gyðinga á heimspekilegan hátt, og reynt að draga úr mótsögnunum og koma einhverjum þræði í kenninga kerfin. Allar hinar grófari sagnir voru látnar tákna sem dæmisögur, en ekki eins og þær voru upphaflega ætlaðar frá höfundunum, sem virkileg frásaga. Þar byrjar og sá kenningarmáti, er kyrkjan hefir haldið við síðan hún kom á gang, að gjöra aðgreining rita, skipa þeim niður í tvo flokka, heilög og vanheilög eða algeng rit. Sérstaklega byrjar þetta eftir að Gyðingar fóru að hafa afskipti af skólanum, sem er um miðja fyrstu öld e. K., því þeir héldu fram sínum ritum sem heilögum og opinberuðum; aðallega voru það þó lög Mósesar og dómara og konungabækurnar.

Eins og eðlilegt er, hafði þetta stóra afleiðingu í för með sér. Það tvískipti strax rannsóknar stefnunni. Þær bækur, sem heilagar voru, urðu að vera réttar, og allt sem fræðimaðurinn og nemandinn þurfti að gjöra var aðeins að vita, hvað þær inni-

hélldi og svo ekki meira. Sú fræðigreinin staðnæmdu því þar, og hún dróg miklu fleiri til sín en hin, þar sem hægt var að halda áfram rannsóknunum í það endalausa.

En svo var hin gríska heimspeki og menning búið að hefja dómgreind manna hátt og endurskapa velsæmistilfinningu þeirra að þeir fundu, að margt í þessum fornu helgiritum var alveg ómögulegur sannleikur, ef fara átti eftir orðunum, svo það var fundið upp á því að lesa tvöfalda merkingu út úr öllum þeim köflum, sem óþolandi þótti í sinni bókstaflegu mynd. Við það öðlaðist greinin tvöfalt gildi, bæði „andlega“ og „bókstaflega“ þýðingu. Með þessu móti var hægt að taka hvað sem var og setja við hlið þess fegursta og bezta. Ef ekki var hægt að fylgja „bókstafnum“, þá var aðeins að fylgja „andanum“. Þá aðferð notaði kyrkjan strax, og hún setti skóla, við útskýringu sinna helgiritra, og hefir það haldist til þessa dags, unz nú fyrst, síðan hin svo nefnda „Hærri kritik“ kom til sögunnar, að slíkt hefir smá fallið úr gildi, nema á stöku stöðum, þar sem þekkingin er enn, sem komið er, naumast skinn-djúp. Þar er enn talað um „andann“ og „bókstafinn“, „guðlega speki í mannlegum umbúðum“ o. sv. frv.\*

Stefna þessi á útskýringum rita nefnist hin „allegoríska“ stefna, og þýðir, að lesa annað út úr orðunum, en þau tákna. Aðal forkólfar þessarar stefnu voru þeir Philo, hinn frægi gyðinglegi heimspekingur, er var samtíðarmaður Jesú, og kyrkjufaðirinn og öðlingurinn Origen, er lifði á öndverðri annari öld.

Philo var og höfundur þeirrar heimspekis stefnu, er gegnumskýrir allt Jóhannesar guðspjall, og síðar var nefnd Alexandríu

\*) Aðal baráttan, sem þeir fræðimenn eiga í nú á dögum, er hallast að biblíurannsóknar stefnunni nýju, er við þessa gömlu hugmynd Alexandríu skólans, sem afturhalds guðfræðin hefir haldið í dauðahaldi fram til þessa dags. Það er mjög einkennilegt, eins og kristin kyrkja þykist þó hafa mikinn viðbjóð á öllu því er eigi rót sína að rekja til heiðni, hversu henni er umhugað að vernda þennan kenningarmáta, og eins og hún er óspör á því að nefna hitt og annað heiðni, sem henni þykir miður fara, en sem er þó til orðið innan hinnar kristnu siðmenningar.

heimspekin; nefnilega „Logos“ kenningarinnar eða „Orðið“, eins og það er útlagt í Nýja testamenti voru. Hann kenndi, að guðs eiginlegleiki birtist í tvenns konar myndum, sem hið útgangandi skapandi „Logos“ (sbr. „útgenginn frá föðurnum“), og íbúandi „Orð“, er grundaði og ályktaði allt hvað gjört væri. En samkvæmt skoðun Philos var þetta Logos undirgefið föðurnum, og óæðra en hann, því það útgekk frá honum, en samt eilíft eins og hann.

Út frá þessari hugmynd spruttu hinar ótal mörgu skoðanir um guðlega menn og guð-menn, er komu fram um þetta leyti. Það var þetta „útgengna Logos“, er tók á sig líkams gerfi og gjörðist maður (sbr. inngangsorð Jóhannesar guðspjalls).

Með siðaskiftingunni og falli Rómverska ríkisins smá hnignaði skólunum, unz þeir dóu alveg út. Eftir að kristnin vann algjöran sigur yfir hinum trúarbragða kerfunum, gjörðust forn-menn hennar mjög andvígir hinni eldri siðmenningu, og byrjuðu nú að ofsækja, eins og þeir voru ofsóktir. Hugsunargöfgin tók ekki lengra en það, að þeir vildi nú helst, ef þess hefði verið kostur, skafa allt í burtu, illt og gott, er verið hafði í fari hinna fornu trúarbragða, og komið var inn í þjóðarmeðvitundina, en gleymdu því þó, að þaðan höfðu þeir heimspekina, bókmenntirnar og aðferð þá, er notuð var við guðfræðiskennslu þeirra sjálfra. Skólunum gömlu var lokað einum eftir annan. Kennararnir leituðu land úr landi og loks til hinnar frægu Athenu sem hins síðasta griðastaðar; en þar voru ekki heldur gefin griðin, því árið 529 var hinum síðasta fornaldarskóla lokað að boði Jústinusar keisara, og öllum veraldlegum lærdómi byggt út.

Þessi keisaralega skipun sætti mjög líftilli eftirtekt. Fólk var orðið þreytt á lærdómi, sem þá um tvær undanfarnar aldir hafði gengið mest út á það, að semja frið innan kyrkjunnar, er friðinum hafði byggt út; semja svo að segja árlega nýjar trúarjátningar, er aldrei gátu orðið almennar, hvernig sem til var reynt; þrátta um ýmsar kenningar, er risu upp á þessum eða hinum staðnum, og urðu orsök til hins mesta elds og sundurlyndis innan kyrkjunnar í margar aldir. Sérstaklega var þó kenningin um þrenninguna stærsta deiluefnið.

Það, sem menn athuguðu ekki, var það, að hversu sem ár-

angurinn kann að hafa verið smár af þessum lærdómi, þá hélt hann þó vakandi námfýsi manna og áhuga fyrir þekkingu og framförum, sem brátt hvarf, þegar guðfræðin ein tók við. Menntathuguðu það eigi heldur, að deilurnar og þráttið og sundurlyndið milli kyrkjuféðranna var ekki sprottið af sannri þekkingu eða „heiðnum“ vísdómi, heldur af miklu óæðri rótum.

En heiðnu skólarnir voru kveðnir niður, og menntunin, er miðaldaskólarnir fengust við, varð að öllu leyti guðfræðisleg.

Skólar þeir, er á gang komust á miðöldunum, voru algjörir kyrkjuskólar. Það eina augnamið, er þeir höfðu fyrst lengi vel, var að útpýða ritningarnar á heimspekilegan hátt, í stað þess að leita að nokkrum nýjum sannleika. Það var almennt viðurkennt, að helgirit kyrkjunnar hefði inni að halda allan sannleikann, og það eina, er menntunin gagnaði til, væri að gjöra hann skiljanlegan, og mynda úr honum lífsreglur fyrir land og lýð, og hlaða upp múrveggi hinnar kathólsku kyrkju. En þótt miðaldaskólunum væri mjög ábótavant, þá voru þeir þó til stórra bóta, því sú litla bóklega þekking, er mönnum hlotnaðist, varð þó að koma frá þeim. Enda urðu þeir brátt mikið veldi innan ríkis og kyrkju, og þótti það ekki litlu varða, hvorum skólarnir fylgdu að málum, þegar til ágreinings kom milli konunga og páfa.

Fyrir þessa skuld voru þeir sæmdir hinum og öðrum einkaréttindum af páfum og keisurum, að þeir hylti sig, ef til vandræða kæmi, því sá þeirra, er skólahyllinnar naut, átti jafnaðarlegast sigurinn vísan, ef í deilur slóst

Það, sem telja má miðaldaskóla, eru aðallega skólar norð-ur og vestur Evrópu, er upptök sín áttu að þakka kristniboðinu norður á bóginn og klaustrunum, er fylgdi í kjölfar kristniboðanna.

Skóli sá, er langfremstur var talinn á miðöldunum, og flestallir skólar sömdu sig eftir, var háskólinn í París. Hann var einn sá elzti og merkasti þar af leiðandi, því þangað höfðu nemendur sótt úr öllum löndum svo öldum skifti, löngu áður en að margir hinna skólanna urðu til, svo sem Oxford, Cambridge, Heidelberg, Jena o, sv. frv., er síðar hafa orðið víðfrægir.

Af framferði og lífnaðarháttum kennara og nemenda við Parísarháskólann má marka, hversu háskólalíf miðaldanna hefir

verið. Fram yfir miðja þrettánda öld voru engar háskólabýggingar í París, og var það því eitt aðal vopn nemenda, er þeir beittu gagnvart yfirvöldunum, að ef þeir fengi ekki öll þau einkaleyfi og réttarbætur, er þeir kröfðust, flytti þeir vistferlum þaðan, og setti skólann á einhverjum öðrum stað. En til þess að slíkt kæmi ekki fyrir, kúguðu þeir út hvert konungsbréfið á fætur öðru til áréttingar málum sínum, þegar í deilur slóst við borgarbúa, sem ekki var örsjaldan, því borgarþúar hötuðu fáa meira en skólalýðinn, er var yfirgangssamur, rángjarn á eigin manna og svallsamur. Enda náðu þeir sjaldan rétti á honum. Því allir þeir, er við skólann voru, töldust með kyrkjuaðlinum, og máttu því einir dæma um öll sín mál, er þeir áttu við bændur og almúgamenn, og varð það þeim sjaldnast til mikilla vinsælda.— Stundum brauzt þessi rígur út, er hvorir báru til annars, í blóðugum bardögum, og er slagurinn árið 1200 einn sá eftirminni-legasti, er lá við, að orsakaði reglulegt borgarstríð. Þá börðust borgarmenn nærri næturlangt við skólasveina, og var brúkað flest það að vopnum, er hönd á festi. Mannfall varð þó ekki mikið, einir 5, sem voru drepnir, þrjár háskóla megin, en fjölda margir voru meiddir og sárir eftir viðureignina. En eins og vant var, þegar farið var að gjöra um málin, var öllu hallað á borgarmenn, og með konungs bréfi það ár, voru skólasveinum veitt enn meiri réttindi en áður. Formönnum borgarmanna var stranglega hegnt, og fóru skólapiltar fram á, að þeir mættu taka sjálfir við sökudólgunum og refsa þeim, „húðstýkja þá að lærðra manna sið.“

Útdráttur úr konungsbréfinu, er snerti refsingu skólapilta, er á þessa leið:

„Í NAFNI heilagrar þrenningar, Amen. Vér Filippus, fyrir guðs náð konungur Franka etc. . . . .

Til verndar nemendum í París bjóðum vér, að ráði þegna vorra, Parísarborgarmönnum; að sjái nokkur þeirra ójöfnuð í frammi hafðan gagnvart nemanda eður leikmanni, þá beri sá hinn sami þess vitni; né skal honum leyfilegt að hlaupa í felur, að ekki verði hann vitnisbær eður slíks ójafnaðar var. Og komi það fyrir, að nokkur, utan sá eigi hendur að verja, leggi til nem-

anda og særi hann með sverði eður kylfu, eður grýti, þá skulu leikmenn þeir, er þetta mega sjá, handtaka illvirkja þann eður þá, og færa fyrir dómara vörn; né skal borgarmönnum hlíta, að sneiða sig þar frá, að ekki megu þeir sjá tilræðið, né handsamað fá spellvirkjann eður borið sannleikanum vitni.

Enn fremur, hvort sökumaður er staðinn að verki eður eigi, bjóðum vér, að mál hans skuli ganga til réttar, og skulu klerkar, leikmenn eður aðrir þar til kjörnir, svo sem lög ákveða, yfirfara öll gögn í málinu; hið sama ber og greifum vorum og dómurum að gjöra.

Reynist sá kærði sannur að sök, að réttarfærslu lokinni, mæli dómara vorir honum samstundis, glæpi hans samsvarandi, þá refsingu, er hann hefir tilunnið, þótt hann sjálfur neiti sakar-áburði, og bjóðist til að verja sig á hólmi eður leita sýknunar með vatnsraun.\*

Hvorki prófastar\*\* vorir né dómara skulu leggja hendur á nemanda, enda þótt sakir standi til, né mega þeir hneppa hann í varðhald eður kastá í fangelsi, án þess hann hafi fyrirgjört frelsi. Í því falli skulu dómara vorir handtaka hann, en ekki mega þeir misþyrma honum, verjast hann þeim ekki, en þeir skulu færa hann fyrir hinn geistlega rétt, að skipunum vorum verði fullnægt og þeim, er óréttinn bíður. Veiti nemandinn enga viðstöðu, en verði samt fyrir meiðslum, skal það sektum varða, er til réttar kemur og fengnar eru á því fullar sannanir.

\*) Vatnsraun var áfrýjunardómur kyrkjunnar mjög almennur á miðöldunum, er sanna átti sýknu eður sekt þess ákærða. Það var með þeim hætti, að tekinn var stór ketill, fylltur vatni, og vatnið hitað að súðu. Ofan í það var svo látinn lítill hringur, er sá sakborni átti að ná. Áður en hann dýfði höndinni í ketilinn var hún þvegin úr vígðu vatni með miklum seremoníum, og síðan ermar brotnar upp fyrir olnboga. Strax og sá seki hafði náð hringnum, var handleggurinn vafinn, og skoðaður síðan að þrem dögum liðnum. Ef hann var lítið örkuður, var kæran felld. Í þessa þrjá daga, þar til dómsúrskurður var felldur, var öll fæða hins kærða blönduð helgu vatni og salti, „svo réttvísni yrði ekki fyrir ámæli.“ (cf. Eberhard Bamberg. Brev. Sec. 5.)

\*\*) Verslegir embættismenn þá, um árið 1200.

Ekki er leyfilegt, þótt nemandi falli í sekt, að gjöra fjárnám á eignum hans. . . . Sé hinn geistlegi dómari ekki nálægur, þá nemandi er handtekinn, þá skal hans geymt að húsi meðnemanda síns í góðu yfirlæti, unz hann verður dómaranum fenginn.“

Eins og eðlilegt var, með öllum þessum einkaréttindum fengnum í hendur, varð framkoma nemenda ekkert fyrirmannleg. Þeir voru undanþegnir ýmsum lagalegum refsingum, og dómar þeir, er kveðnir voru upp yfir þeim, voru ekkert óttalegir, nema ef þeir lentu út í trúarbragða villu, þá var refsingin bæði grimm og ströng. Ef nokkurs mætti geta til með lagaveitingar miðaldaháskólanna, þá sýnast þær allar hafa miðað í þá átt, að skapa valdstétt lærðra manna, er hafa skyldi ótakmarkað leyfi til allra handa, eins lengi og þeir ekki gjörðust andvígir páfum og konungum. Með öðrum orðum sagt, menn voru menntaðir og upphafðir yfir almenninginn til þess, að halda honum í skefjum, til þess að draga taum ríkis og kyrkju gagnvart einstaklingnum.\*

Til Parísar háskólans flyktust ungmenni frá ýmsum þjóðum, og bjó hver þjóð út af fyrir sig. Það varð og oft, að þjóðarigur og mannjöfnuður komu upp á milli þeirra, og voru þá eigi fínyrðin brúkuð, né verið að skirrast vandræða. Skólasveinarbörðust þá oft sín á milli, og það á meðan á yfirheyrslum stóð, unz allur vopnaburður var algjörlega úr lögum numinn, og þeim ekki leyft að ganga vopnuðum til tíma (fyrirlestra).

Það er til lýsing frá þessum tíma á framferði nemenda og þjóðaríg þeirra og innbyrðis deilum. Þar segir meðal annars:

„Flest allir nemendurnir í París, útlendir og innlendir, gjörðu ekkert annað en læra eða hlýða á einhver nýmæli. Sumir lögðu sig eftir lærdómi, að eins til þess að fræðast, sem er ekki óskýlt forvitni; aðrir sökum frægðar, sem er hégómagirni; enn

\*) Það var og einkenni hinnar andlegu stefnu allra miðaldanna. Stofnunin var allt, hver einstakur maður ekkert. Hið sama liggur og til grundvallar í hinum svokölluðu nútíðar stefnum „Socialista“ og „Communita“, þótt augnamið þeirra sé annað og hugsunarháttur. Það er mannfélagsveldi í stað einstaklingsfrelsis.

aðrir sökum hagnaðar, sem er ágirnd og auraþrá. Sára fáir lögðu stund á lærdóm sér eða öðrum til gagns og uppbyggingar. Námsstundirnar gengu í þrætur og kappræður, ekki einvörðungu um málefni eða flokkaskiðningu, heldur urðu og hin ýmsu þjóðareinkenni þeim til sundurlyndis haturs og óeiningar, svo að þeir hrópuðu hvorir aðra háði og svívirðu.

Þannig sögðu þeir Englendinga vera vísvelgi og í tilbót væri þeir með rófu, sonu Frakklands hrokafulla, ómennilega og tilhaldssama sem konur, Þjóðverja ofstopamenn og siðleysingja að öllum mannfagnaði, Norðmenn hégómagjarna og sjálfhælna, Borgundi grófa og vitgranna, Langbarða ágjarna, grimma, en þó bláuða, Rómverja svikula, undirförla, bakmáluga, Flæmingja óstöðuga, eyðslusama, matgruga og lata.

Oft, þá þeir höfðu þannig munnhöggvist, lenti þeim saman í upphlaup og slagsmál."

Þetta er lýsingin, og þótt hún sé sett fram með töluverðri vandlætingasemi, þá var hún máské ekki svo fjarri sanni. Eitt er víst, að þeir menn, er ofar stóðu samtíð sinni, fundu til þess, hve þýðingarlitið skólanámið sýndist oft verða mörgum hverjum.

Það eru til sagnir frá þeim tíma um „disputaziur“ þær, er skólapiltar voru iðkaðir í, út á hvað þær gengu, o. s. frv. Sumar þær sagnir eru ekki óáþekkar lýsingu þeirri, er Holberg, skáld Dana, gefur af heimspekisdeild Kaupmannahafnar háskólans á 18. öld, í leikritinu „Rasmus Montanus“, þar sem Montanus lærir að sanna alla skapaða hluti, mögulega og ómögulega, með „Logik“. Og þegar hann kemur heim til foreldra sinna, hamast hann eins og vitskertur maður, að drífa alla, sem hann sér, út í deilur við sig, líkar og tíðkanlegar eru í skólanum, til þess að sýna þeim með því vísdom sinn og þekkingu. Hann rekur föður sinn og móður í vörðurnar, og þau gráta undan honum út af því, að þau skuli ekki skilja vísdominn, sem hann sé að fara með. Bændafólkið biður fyrir sér og krossar sig yfir þessu forundri vísindanna, er komið sé úr höfuðstaðnum „með höfuðið sprengfullt af viti“, og ætli að gera alla vitlausu.

Þannig er til saga um nemanda nýkominn heim frá París. Hann segir föður sínum, að hann geti sannað honum, að sex sé sama og tólf, og sýnir honum það með því að taka sex egg,



og útlistar svo fyrir honum kunstina. Þegar hann er búinn, tekur faðir hans egginn, segir honum, að hann hafi ekki allsendis skilið rökfærsluna, en svo gjöri það ekkert til, því að hann ætli honum þessi sex egg, sem eftir séu, til morgunverðar.

Einnig getur Weber (Hist. Phil.) þess, að fram að tólftu öld hafi hinir kristnu skólar sinnt öðru mjög lítið í sínum heim-spekisiðkunum en smámunum einum, og þeim oft mjög barnalegum. Lstkt og því, hvert músin, er æti af oflátunni, eftir að bú-ið væri að helga hana, hefði virkilega verið til altaris o. sv. frv. Og útaf þess háttar málum spunnust oft megnar óeirðir og langvarandi deilur.

Þótt skólunum væri áfátt í mörgu og allir hefði ekki stór not af þeim, þá samt voru þeir til uppbyggingar fyrir land og lýð, þegar á annað er litið. Það sama, sem stóð menningu og framförum fyrir þrifum, stóð skólunum í vegi, og fyrir þá skuld urðu þeir ekki það, sem þeir áttu að vera og hafa síðar orðið. Menningarstraumar miðaldanna gjörðu ekki framför mannsins að sínu takmarki. Takmarkið var viðhald kyrkjunnar, kenninga hennar og hugsjóna, að verða einvöld á jörðunni. Og til þess voru skólarnir látnir miða. Þeim voru bundnar hendur á bak. Þeir urðu að vinna það verk, er þeim var fengið, að sanna allt „dogma“-kerfið, halda í við þekkingu manna, að hún færi ekki fram úr því, sem hið „opinberaða orð“ kenndi, eða hætta að öðrum kosti. Og að yfirborðinu unnu þeir það verk. Þeir bjuggu til úr mörgum nemanda, er meira sóttist eftir frægð en fræðslu, reglulegan Rasmus Montanus, en þeir hjálpuðu og til að fullkomna slíka menn sem Wicliffe, Bacon, Huss, Abelard, Occam og fleiri, og lögðu þeim þau vopn í hendur, er jafnt bitu á vígða sem óvígða. Og þeir geymdu bækur þessara manna, er urðu öðrum til hvatningar, að slíta af sér þrælatoðin og höggva af sér fjötrana. Hið þriðja gagn, sem þeir unnu, og ekki er minnst vert, var fólgið í þeirra eigin tilveru. Vegna þess að skólarnir voru til, voru stofnanir til, er haldið gátu áfram rannsóknunum, strax og kennslan varð frjáls, og menn fóru að mega nota skynseminna.

## ÓTRÚ.

Eftir

CAMILLE FLAMMARION.

VÉR erum flest tjóðruð með voru eigin vitsmunalega skamm-sýni. Fjölda margir álíta, að sinn sjóndeildarhringur taki út yfir öll jarðarinnar endimörk. Daglega mætum vér fjölda manns, er fyllist heift og hatri út af hverri nýrri uppgötvun, sem gjörð er, eða nýjum skoðunum, sem láttnar eru í ljósi. Þeir vilja ekki hafa það, að nokkur breyting eigi sér stað á rás viðburðanna, sem þeir eru farnir að venjast.

Dirfska og ástundunarsemi uppfinningamannsins og allra þeirra, er reyna að koma af stað einhverjum umbótum, grúsk vísindamannsins og forníraðingsins er að þeirra álitu glæpsamlegt. Skoðun þeirra er sú, að mannkynið hafi ætíð verið á því sama menningarstigi, og það er nú. Þeir gleyma því, að það var eitt sinn til steinaldartímabil, að notkun elds var mönnum ókunn, að þeim lærðist að reisa sér hús, smíða kerrur og vagna, leggja járnbrautir — í stuttu máli, þeir gleyma öllum þeim örðugleikum, er þekkingin hefir smám saman yfirstígið, og þeim uppgötvunum, er vísindin hafa gjört.

Þetta góða fólk er svo óumbreytanlega ánægt með heiminn, eins og það sníður sér hann, að því er algjörlega ómögulegt, að viðurkenna sannleika þeirra hluta, sem það fær ekki skilið; og það rennir ekki heldur grun í, að það skilji ekkert.

Þeim skilst það ekki, að fyrir utan takmörk þeirra hluta og viðburða í náttúrunni, sem útskýringar eru fengnar yfir, liggur hinn takmarkalaus, dularfulli heimur, sem enn er hulinn allri mannlegri þekkingu. Gamli orðaleikurinn, — „vegna hvers fellur steinninn til jarðar? Af því jörðin dregur hann að sér,“ — nægir þeim. Þeim finnst þeir skilji.

Þeir láta ýmislegan gamlan samsetning troða á skynsemiskröfum sínum, og festa trúnað á orðum, sé þau nógu fávíslega samantvinnuð og nógu gömul. Allt það, sem er, þarf að vera komið til ára sinna, annars gagnar það ekkert.

Menn af þessu tagi hafa verið til á öllum tímum og af öll-

um stigum,— heimskir, sauð-rólegir, en þó ekki lausir við hégómagirni, — er játa það hátfðlega, að þeir trúu ekki neinu því, er ekki sé löngu kannað og margsannað, en þykjast þó þekkja alla hina ómælilegu niðurröðun alheimsins.

Þegar Pythagoras kastaði skoðun almennings á aldri tilverunnar, og þeir fylgjendur hans uppgötvuðu það, að jörðin snérist og af því stafaði dagur og nótt, varð almennarómurinn óður og æfur. Það var trúanlegra, að á hverjum 24 tímum snérist himnarnir ómælilegu utan um þessa litlu jarðarkúlu, sem er ekki stærri en sandkorn á eyðimörku í samanburði við alheiminn. Að sjálfsgöðu hljóp almenningsálitið til vopna á móti hugvitsmanninum og hans skoðunum. Það hefir allt af verið þannig. Sókrates drakk eiturbikarinn í þeirri von, að hann losaðist við hjátrú og hleypidóna samtíðarinnar. Anaxagoras var ofsóttur á allan hátt, af því hann dirfðist að segja það, að sólin væri stærri en Grikklands skagi. Og tvö þúsund árum síðar er Galileo ofsóttur fyrir það að sýna fram á stærð sólkerfisins og hlutfallslega smæð jarðarinnar.

Leitin eftir sannleikanum gengur ekki áfram með neinum geysihraða, meðan mannlegar fýsnir og metorð, er mestu ráða í þjóðafyrirkomulaginu, halda áfram að ráða lofum og lögum.

Saga framkvæmdanna sýnir og daglega, að víðtækar og áhrifamiklar uppgötvanir hafa verið gjörðar á mjög einfaldan hátt og það jafnvel óvísindalegan. Rannsóknnum ætti því aldrei að hætta, í hvaða grein sem er. Án þeirra færi öllu aftur. Án hinnar rafurmagnslegu þekkingar væri heimurinn allur annar. Flest af því, sem vér teljum vorar helztu lífsnauðsynjar, hyrfi um leið. Án þess væri samgöngufæri vor ófullkomin. Járnbrautarlestir væri í sífeldri hættu, ef ekki væri hægt að senda hraðskeyti frá einni endastöð til annar. Þó dettur víst fáum í hug að ljósstafir morgunsólarinnar væri hinir fyrstu flytjendur þess fagnaðarerindis til vor, og að á þeim sömu vængjum, sem þeir berast á til vor utan úr geimnum, berzt rafurmagnsstraumurinn fram og aftur um þenna heim. Skarpskyggni hinna fáu, er bera fullt traust til tilverunnar, sá þetta og benti heiminum á þenna sannleika, og lof sé þeim.

Í dómum vorum um nýjar uppgötvanir reiðum vér oss allt

of mjög á það, sem skilningarvit vor segja oss, og þó er það sannleikur, að fáu er ver trúandi en þeim, og fátt bregzt oss oftar.

Oss sýnast stjörnurnar, sólin og tunglið snúast um þessa jörð. Sjón vor segir oss að svo sé. En það er ósatt. Oss finnst jörðin standa kyr. Það er einnig tilhæfulaust. Vér snertum hlut, sem vér álitum vera harðan og órjúfanlegan. En enginn sá hlutur er til. Oss berast raddir utan úr heimi, samstæðar og ósamstæðar. En það er að eins loftið, sem berst oss með bylgjum og boðafalli, og loftbylgjurnar eru þögular eins og dauðinn. Vér däumst að ljósinu og áhrifum þess; öllum þeim margvíslegu litum, sem fegurð náttúrunnar er máluð í. En í sannleika, þá er hvorki ljós né litur. Það er öldufall „Ethersins“,—efnis, sem er ógagnsætt í sjálfu sér,—er skapar tilfinningar ljóss og litar hjá oss. Vér brennum oss á hendi eða fæti. Þó sviður oss ekki í hendina. Sviðinn er í heilanum, því þar er brunatilfinningin. Vér tölum um hita og kulda. Þó er hvorki hiti né kuldi í heiminum, að eins eintóm hreyfing.

Þannig erum vér ginnt af tilfinningunum og dregin á talar um sannleika hlutanna. Tilfinning og virkilegleiki eru sitt hvað. Enda eru skilningarvit vor næsta ófullkomin. Með aðstoð þeirra verðum vér vör aðeins mjög lítils hluta allra þeirra hreyfinga alheimstilverunnar, er fram fara í kringum oss. Sú síðasta hljómbylgja, er eyrað getur gripið, gengur 36,850 slög á sekúndunni. En þaðan er langt bil upp að fyrstu ljósbylgjunni, er augað fyrst sér, og slær 400,000,000,000,000 sinnum á sama tíma. Um allt, sem þar er á milli, veit engi maður neitt.

Þó er ekki með þessu sagt, að vér ættum ekki að reyna að nota skilningsfærin, þótt ófullkomin séu. Vér eigum að nota þau eins mikið, og vér getum, og eins vel, en vér ættum ekki að láta þau standa skilningi vorum eða sanngirni svo fyrir þrifum, að vér gleymum því, að til er sannleikur í náttúrunnar ríki, er vér höfum ekki heyrt eða séð.

Svo þegar einhver skilningsnæmari en vér uppgötvar einhvern hlut, þá ættum vér ekki að fylla flokk þeirra, er hæða allt þess háttar, af því þeirra óþroskaða sál hefir aldrei verið nógu skýr til þess, að lesa þann sannleika út úr lögmáli hlutanna.

Hugsum oss X-geisla Röntgen's og uppfinningu Marconi's, er hvorttveggja virtist alveg ómögulegir hlutir nú fyrir nokkrum árum. Hugsum oss það, og verum svo nógu ærlegir í oss, að játa, að til sé hlutir, er sé langt fyrir ofan vorn skilning, að það sé ekki ómögulegt, að það, sem oss var hulið í gær, verði oss opinbert á morgun.

Stærsti óvinur allra framfara er ótrúin á öllu því, sem nýtt er, og viljaleysið, til að vilja bæta nokkru við þá þekkingu, er heimurinn hefir þegar öðlast.

## Hverju trúir þú?

Eftir

B. LYNGHOLT.

ENGINN maður, sem kominn er til vits og ára, leggst svo í gróf sína á þessum síðustu tímum— tíma hinnar rannsakandi þekkingar, að ekki einhvern tíma fyr eða síðar mæti honum þessi spurning: „Hverju trúir þú?“ Stundum kemur þessi spurning „eins og skollinn úr sauðarleggnum“ beint framan að mönnum af vörum óhlutvandra manna, sem eins og gjöra sér það að daglegri iðju, að vekja stefnulausar trúarbragðastælu, hvar og hvenær sem þeir fá því við komið. Stundum kemur hún eins og „rödd af himni“ beina leið frá prédikunarstólunum, sem hinir ýmsu trúflokkar hafa reist meðal mannanna barna, og ryður sér braut inn að hugsana og tilfinninga lífi mannsins. — Stundum kemur hún eins og óákveðið sjúkdómseinkenni innan um dagdóma þessara andlegu „tilbera“, er allt af eru að snuðra í kringum sálarlíf einstaklingsins, og leitast við að telja honum trú um, að hann sé annað, heldur en hann í raun og veru er. Stundum kemur þessi spurning frá manninum sjálfum, innan að frá hugskoti hans— lengst innan úr djúpi hins leitandi og rannsakandi mannsanda, sem ekki gjörir sig ánægðan með eintóman vana, staðhæfingar byggðar í lausu lofti, eða kreddur og öfgar þeirra erindreka trúarbragða félaganna, sem annað hvort eru að halda í gömul, úrelt og löngu dauð trúarbragða látalæti, eða hinna, sem eru að hrúga upp Babels-turnum trúfræðislegra ný-

mæla, undir yfirskini guðlegs innblásturs, í misskildum og marg-  
afbökuðum ritningargreinum.

Stundum kemur þessi spurning úr þeirri átt, og er á þann  
hátt fram borin, að hún er alls ekki svara verð, en samt sem áður  
er hún í eðli sínu æfinlega alvarleg og þýðingarmikil. Því  
eins og það er víst, að sönn trú — hrein og lifandi trú — er sá  
mesti dýrgripur, sem nokkur maður getur átt í eigu sinni, eins  
er hitt líka víst, að ímynduð trú — dauð og sannfæringarlaus  
VANATRÚ, er eitt af því allra lakasta, sem nokkur maður getur  
haft meðferðis á lífsleiðinni. Komi spurningin innan að frá  
manninum sjálfum, og þá kemur hún úr réttri átt, ætti enginn  
að draga sig á talar með því, að telja sjálfum sér trú um, að  
hann tryði nú því, sem hentugast væri í þann eða þann svipinn  
fyrir afstöðu hans í mannfélaginu, án þess að rannsaka og gjöra  
sér ljósa grein fyrir, hvort það gæti nú samrýmst við hans innstu  
andlegu lífsskoðanir.

Það er þýðingarlaust að halda því fram, að sumir menn eða  
jafnvel heilar þjóðir hafi sérstakan hæfileika til að trúa, en aðrir  
menn eða heilar þjóðir hafi aftur mjög lítið eða ekkert af þess-  
um hæfileika. Reynslan sýnir að allir menn og allar þjóðir hafa  
á öllum tímum haft einhvern átrúnað, eftir því ófullkomnari,  
sem þjóðin hefir staðið lægra að þekkingu, eftir því fullkomnari,  
sem þjóðin hefir verið lengra á leið komin í þekkingu og sönn-  
um menningar þroska. Trúin er þannig háð breytibróunar lög-  
málinu, eins og allt það, er skynjun mannsandans getur gjört  
sér grein fyrir. Trú og þekking haldast nokkurn veginn óslitð  
í hendur gegnum sögur aldanna, hvort sem trúin er ávöxtur  
þekkingar, eða þekkingin ávöxtur trúar.

Trúin er afi þjóðanna, allt þeirra innbyrðis skipulag og all-  
ar þeirra stefnur og framkvæmdir eru byggðar á trú — trú í ein-  
hverri mynd. Því betri sem trúin er, því happasælli afleiðingar  
hefir hún fyrir þjóðlífið. Það er því ekki þýðingarlaust að leggja  
rækt við trú sína, gjöra sér ákveðna grein fyrir henni, og geta  
tileinkað sér hana sem sína eigin trú en ekki sem annara  
trú. Þá fyrst getur hún orðið og er lífsuppsetta fyrir mann-  
inn og mannfélagsheildina.

## Kvöldklukkan.

(ÚR ENSKU)

EG gleðst, þá djúpa dalinn  
 í dimmri líft eg sýn;  
 í sælu draumi sé eg,  
 || : hvar sorgin blundar mín, : ||  
 þá kvölds er klukku hljómur  
 um kyrran ómar dal,  
 og frið og farsæld lýsir  
 ið fagra tóna hjal —  
 Um ást svo helga' og hreina  
 þú hjalar aldrei meir,  
 mér berst samt blítt að hjarta  
 || : þitt bergmál, unz það deyr. : ||

Nú ómar aftanklukkan  
 með unaðs djúpum hreim,  
 er helga hugsjón vekur;—  
 || : mitt hjarta sorgum gleym. : ||  
 Og gleði æsku ára —  
 hún endurrís, en— fer,  
 því fól mín haustlauf hrynja,  
 þau hratt með stormi ber.—  
 En þegar kvöldið kemur,  
 eg kveðju lífi sel;  
 um dalinn sæla syngdu  
 || : Mitt síðsta FARÐU VEL. : ||

MÁNI.

## Ríki dagblaðanna.

Eitt

MAX NORDAU.

Hvernig er því varið, að blöðin skuli hafa jafn mikið vald og áhrif í þjóðfélaginu, og þau hafa?

Það hefir verið reynt að útskýra það á þann hátt, að þau væri aðalsál viðskifta og verslunarlífsins, og það væri eiginlega ekki blöðin sjálf, heldur peningamagnið, er skapaði þeim valdið og velgengnina. En vér álitum það ekki nauðsynlegt, að fara út í neinar deilur við þá menn, er halda fram þeirri skoðun, og álíta auglýsingadálka aðal afl siðmenningarinnar. Sú skoðun getur ekki orðið neitt deiluefni. Hún er að eins eitt, þetta gamla mótlæti, sem þeir eiga við að stríða, er ekki geta fallist á það, að sálin taki ekki nema í naflastað hjá mönnum yfirleitt, að maginn sé drottinn herskaranna.

Ekki er heldur hægt að tilreikna fréttadálkunum þau áhrif. Sem fréttaregistur myndi blöðin aldrei skipa æðra sess en sögu-kerlingin eða slúðurkarlinn, er ferðast hús úr húsi og borgar fyrir beinann með óhróðurssögum um náungann. Það blað, sem aldrei flytti neitt annað en samansoðna fréttapistla, myndi ekki halda vöku fyrir nokkurri landstjórn, eða umskapa almennings-álitið.

Það er annað svar gegn þessari spurningu. Það er, að blöðin sé uppfræðslustofnun almúgans og útbreiðslumiðill vísindalegrar þekkingar. Þetta svar er einnig ófullkomið og ónákvæmt. Í fyrsta lagi er vísindalegt gildi blaðanna mjög smátt, og svo í öðru lagi er reynslan margbúin að sanna það, að hin beztu vísindalegu tímarit hafa mikið minni verkanir á hugsunarhátt lesendanna, en hver móflekkióttur pólitískur snepill, sem út er gefinn, og þau eru mikið minna keypt og ver borguð.

Það er ekki auglýsingunum, ekki fréttunum, ekki mennta-málagreinunum að þakka áhrif þau, sem blöðin hafa á hugi manna, heldur stefnu þeirri, sem kemur fram í blöðunum yfirleitt, að ræða og útskýra hinar stjórnfræðislegu og heimspeki-legu hugsjónir, er þjóðarsíðmenningin hvílir á, og að ræða þær á



almennan og auðskilinn hátt, svo að sem næst því að lesandinn og höfundurinn sjálfur verði ekki þess varir, að um svo djúp málefni sé að ræða. Því strax og farið er að ræða þau á vísindalegan hátt, hættir lesarinn að lesa. Hans hugsanir eru þá ekki lengur endurkveðnar í framsetningu málsins. Það er þessari stefnu, sem blöðin eiga allt sitt ríki að þakka, og því, hversu hver grein er stíluð í þessum anda, og jafnvel fréttasafnið steipt í sama mótinu.

Blöðin kveða upp sína dagdóma yfir öllu því, er fyrir kemur. Þau setja sig í þann sess, að leggja dóm á hvert orð og atvik, og jafnvel leynilegustu hugrenningar manna. Þau ófrægja eða víðfrægja menn og málefni. Þau hvetja og letja menn, upphefja og niðurlægja þá, benda á þá sem andlegar fyrirmyndir, er verðskuldi ást og virðingu og tiltrú almennings, eða sem skinhelga hræsnara, samvizkulausa bófa, er verðskuldi að eins hatur og fyrirlitningu

Í einu orði sagt, blöðin eru hin sýnilega tilvera almenningsálitsins. Þau taka sér vald almannarómsins og dómsvald hinnar sameiginlegu siðferðiskröfu byggðarlagsins. Á þann hátt verða þau hið bitrasta vopn, á stundum til upphefðar, á stundum til niðurlægingar fyrir land og lýð. Með því verða þau og samþjónn eða öllu heldur erindreki samvizkulögmálsins, það er að segja hins sameinaða samvizkulögmáls sveitafélaganna.

En svo viljum vér spyrja, hvernig er því varið með einstaklinginn, er tileinkar sér á þenna hátt almenningsálitið, að hann sem almenningsálitið í persónugerfi leyfir sér að reyna, að stýra hugsanagangi heilla byggðarlaga, leyfir sér að fordæma og afmá núverandi stofnanir og þrengja upp á menn nýjum siðferðishugsjónum og lagabreytingum, og það allt fyrir náð og í nafni almennings? Hvaðan hefir blaðamaðurinn það vald?

Þessar spurningar hafa jafnan verið fleinn í holdi landstjórnanna vegna þess, að þeir hafa aldrei getað greitt úr þeim. Þeir hafa jafnan ofsótt blöðin, reynt að eyðileggja þau eða hefta þau og mýla. En almenna skoðunin hefir ætíð sett sig á móti slíkum tilraunum stjórnarinnar. Prentfrelsi hefir ætíð verið sú fyrsta réttarkrafa allra þjóða, og um það hefir verið mest bitist og barist allra mála, er snerta almenning. Sú krafa er og líka réttlát,

sé blöðin málgögn almenningsálitsins, en annars ekki. En það sannar og vort mál, að þau sé það, því þar sem ekki er prentfrelsi, þar er og enginn þjóðarvilji. Eina spursmálið er, hvort þjóðarviljinn komi þar fyllilega í ljós, eða hvort hann sé ekki umskapaður og afvegafærður í blöðunum. Og má svara því, að enn, sem komið er, hefir hann ekki verið að öllu leyti opinberaður þar, en sem næst því. Þjóðarviljinn er dálítið frábrugðinn einstaklingsviljanum. Gleymum því ekki.

Vér vonum að sú komi tíð, að dómgreind blaðalesendanna nái því þroskastigi, að þeir geti hver og einn dæmt fyrir sig sjálfir og greint á milli þeirra blaða, sem mæla máli almennings, og hinna, sem ekki gjöra það. Þá verða líka þau blöð að eins lesin, er skýrast láta í ljósi þjóðarviljann, en hinum kastað fyrir borð, sem lafa aftan í þeim stóru og státnu, og fylgja þeim eftir, eins og drepsótt fylgir hallærum. Þá tapa og þau blöð tölu, er stofnuð eru í þeim eina tilgangi, að svala hégómadýrð einstaklingsins, er setja vill sína „guðsmynd“ á alla menn, er hungur og þyrstir eftir því eina réttlæti, að fá að heyra sjálfan sig tala. Þau blöð eru enn skadlegri en hin af því, að þau eru enn meiri andleg eynd.

Þegar svo er komið, munu blaðamennirnir — er fólkið hefir kallað sökum mannkosta þeirra og hæfilegleika til þess að prédika, uppfræða og dæma um almenn mál — ná tiltrú. Hinir, er komast vilja til valda, hæddir og settir á sinn rétta stað.

Þá þarf og ekki lengur ákvæða þeirra með, er takmarka, hverir skuli lækna og hjúkra þeim, sem sjúkir eru, því menn verða orðnir þá svo skynsamir, að þeir leita ekki ráða til annara en þeirra, er vísindalegrar uppfræðslu hafa notið í þeirri grein. Læknaverndunarlögin hverfa og dýraverndunarlögin\* með. Enda verða þá flest núverandi lög vor alveg ónauðsynleg fyrir þá skuld, að þau eru flest samin einstaklingnum til leiðbeiningar af þeim, sem hyggjari eru og skýrari dómgreind hafa, en þá verða blöðin tekin við.

\*) „The Laws forbidding vivisection of animals.“

## Eiður Hypermnestru.\*



Horfin var sól, og hauðrið kalt  
hrímþöktum náði klæðast hjúpi;  
gnötraði sterk í dimmu djúpi  
dauðans köld hönd, er lýstur alt.  
Nílár sem dragist djúpi' úr köldu  
draugslegar upp frá hverri öldu  
Hekatis vofur, vondum frá  
vélræðis heimi, jörðu á.

Veinandi skulfu visin tré,  
vargslegan násöng hundar gölu,  
skýstólpar myrkir mánann fólu,  
ofurlegt myrkur yfir hné.  
Danaós— ein í dimmu rúmi  
drungalegu í nætur húmi—  
sorgbitin dóttir sat og grét,  
sært hjarta stíga' upp andvörp lét.

„Ó faðir kær“, svo klökk hún tér,  
„hver kann að þjóna slíku boði?  
Þú unaðsríki aftanroði—  
þú næturkylja', er negg mitt sker,  
• kennið þið mínum veika vilja  
þær vandasömu raddir skilja,  
hvort helgari' ei, faðir, elsku er  
eiður þeim eið, er vann eg þér.

\*) Hypermnestra var sú eina af systrunum, er kaus heldur að rjúfa þann stranga eið, er þær urðu að vinna, þegar þær fóru úr föðurgarði, en að myrða mann sinn. Fyrir þá skuld umbunuðu guðirnir henni. Stríð hennar er fyrsti og stórkostlegasti sigur sannrar ástar, og er það einmitt eftirtektarvert, að kærleikurinn skuli látinn vera fyrsti sigurvegari hjátrúar og hindurvitna. Sbr. Goðafraði Grikkja og Rómverja.

Algóða, mikla alheims sól!  
 sem öllu stjórnar, ræður yfir,  
 á meðan jarðneskt lífsafl lifir,  
 frá þínum láttu stjórnar stól  
 í gegnum nætur húmið hljóma  
 að hjartans djúpi þína óma;  
 lát þá mig rétta leiða leið  
 lífs yfir torvelt glæfra skeið.

Er ekkert svar? Þú arga þögn,  
 er æsir huga minn og kvelur,  
 og oft í brjósti bitrar elur  
 tilfinningar og töframögn,  
 hverfuli vonar veiki leikur,  
 sem verður til og hverfur bleikur,  
 geturðu ei mér gefið frið  
 geisla þína að leika við?

Enginn er friður, allt er hljótt,  
 eldur í djúpi hjartans brennur,  
 alls enginn gleði geisli' upp rennur.  
 Hví ertu svona nöpur, nótt?  
 Kennir þitt myrkur kaldann dauða?  
 Kennirðu níðings morðið blauða?  
 Ertu morðingjans skikkja' og skjól-  
 skappungra refsinnorna ból?—

Nei, þú hljóðvana milda mæ,   
 er mönnum hefir hvíld að bjóða  
 í þínum friðarfaðmi góða,  
 og allar sorgir þeim færir fjær.  
 Þú draumalandsins dýrðleg móðir,  
 þú dáins sendiboðinn góði,  
 þitt hlutverk æðra er en svo,  
 þig aldrei skal eg blóði þvo.

Þú sefur nú svo vært, minn vin,  
 og veizt ei neitt um stríðið langa  
 né tár, er falla' um föla vanga  
 þess svanna', er gefst ei geisla skin.  
 Hún gegnum lífið ganga hlýtur,  
 guðum bölfuð, því friðar nýtur  
 eiðrofinn hvergi, allir hann  
 um eilífið telja glataðann.

En rjúfa vil eg heldur heit,  
 er hlaut eg vinna föður blindum  
 af metnaðar og mammons syndum,  
 er eigin hagnað að eins leit,  
 heldur en rjóða' í heitum dreyra  
 þess hjarta, er ann eg langtum meira  
 en eigin velferð, haturs hönd,  
 og helgust slíta ástarbönd.

Bölvi mér guðir bæði' og menn,  
 bölvu mér allt á himni' og jörðu.  
 Eiðrofi! hátt þú hrópa, gjörðu,  
 sem hyggur mig varg í véum. Brenn  
 mig, ef þú villt, á björtu báli.  
 Bölvaðu, Seifur, hjarta' og máli:  
 Eg kvíði' ei því, ef kallar hann  
 mig kærsta sér, sá mest eg ann."

MÁNI.

---

## Félagsmálin.

---

HEIMI hefir borist nú nýlega árbók og ársskýrsla Ameríska Unitara félagsins yfir árið sem leið. Í þeim eru margar upplýsingar viðvíkjandi starfi þess félagsskapar, þótt ekki sé þar líkt því allt talið. Þar eru skýrslur forseta, féhirðis og skrifara,

auk hinna ýmsu nefnda, er starfa að stjórn og framkvæmdum þess félags, þingbók félagsins, presta og kyrknatal yfir Bandaríkin og Canada, upplýsingar um mentastofnanir félagsins, guðfræðisskólana í Meadville Pa. og Cambridge Mass. (Harvard) og lærðu skólana í Tarrytown, Newton, Bridgewater, Springfield, Duxbury, Andover, Greenfield o. s. frv. Þar er einnig skrá yfir blöð og tímarit, er gefin eru út af félaginu og félagsmönnum. Þar eru og embættisskýrslur „Alsherjarsambands Unitarískra og annara frjálshugsandi manna“—félagsskapar, er myndaður var aldamótaárið og nær yfir Ameríku og Evrópu, Indland og Japan. Fyrir yfirstandandi ár er forseti þessa félags Dr. H. Oort, professor í Leyden á Hollandi, og stjórnarnefnd J. Estlin Carpenter, prof. við Manchester College Oxford, Dr. G. Boros, forseti guðfræðisskólans í Kolozsvár á Ungverjalandi, W. Copeland Bowie, skrifari brezka Unitarafélagsins í Lundúnum, Dr. B. D. Eerdmans, professor í Leyden á Hollandi, Dr. Samuel A. Eliot, forseti Ameríska Unitarafélagsins í Boston, Dr. E. Montet, professor í Geneva á Svisslandi, Dr. J. Reville, professor við háskólann í París, Dr. Otto Pfeiderer, professor við Berlínar háskólann, auk fleiri merkra manna.

Merkilegt við þenna félagsskap er það, hvað hann hefir eflst og vaxið, á jafn skömmum tíma og hann hefir verið starfandi. Hann hefir nú yfir þúsund meðlimi lærðra manna, háskólakennara og guðfræðinga víðsvegar um heiminn, og eru flestir þeirra heimsfrægir menn. Félagið heldur þing einu sinni á hverjum 2 ára fresti, og var hið síðasta haldið í Amsterdam á Hollandi í sept. árið 1903. Mættu þar erindrekar frá 15 þjóðlöndum á meginlandi Evrópu auk fjölda margra brezkra og amerískra manna, er tóku stóran þátt í þinginu.

Næstkomandi þing verður haldið í sept. árið 1905 í Geneva á Svisslandi.

Þingtíðindin og ræður, er fluttar voru á þessu síðast liðna þingi, hafa verið gefnar út í bók, sem er 555 blaðsíður að stærð, og fæst hún til kaups hjá „American Unitarian Association“ 25 Beacon st. Boston.

Það má óhætt fullyrða, að fél. þetta, „International Council of Unitarian and other Liberal Religious Thinkers“, eins og

Það nefnist á ensku máli, sé hið langáhrifamesta og þýðingarríkasta félag, er myndast hefir í Norðurálfunni. Meðlimirnir eru allir heimsfrægir menn, og þeir, er aðallega hugsu fyrir skólaheiminn. Á bókum þeirra og rannsóknum hvílir flest það, sem ritað er nú um heimspeki, guðfræði og sögu. Dr. Otto Pfeiderer, til dæmis, hefir skrifað fjölda margar bækur um hinar heimspokilegu hugsjónir, er liggja til grandvallar trúarbrögðunum, og án hliðsjónar þeirra bóka, er guðfræðin ekki kennd nú, þar sem nokkur mannsbragur er á kennslunni. Hið sama er með bækur Dr. Eerdmanns. Og nú fyrir nokkrum árum kom út æfisaga Jesú, eftir prof. Reville í París, er talin er taka fram öllum samskonar ritverkum, er áður hafa verið samin.

Það stingur því nokkuð í stúf að sjá, hversu menning og frjálsar hugsanir eru að útbreiðast og verða að virkilegu starfandi afli í heiminum og heyra svo, hvað verið er að segja oss hér: Að Unitarahreyfingin sé að deyja út í heiminum. Ekki alveg, mfnir elskanlegir! Hún hefir aldrei verið í meiri blóma en nú, því þekkingin hefir aldrei staðið hærra en nú. Og þegar þekkingin verður enn jafnari meðal manna, verða og hinar Unitarisku skoðanir almennari.

Árbók Ameriska Un. félagsins ber með sér, að síðast liðið ár hefir verið mikið hagsældar ár fyrir télagið, þótt það hafi orðið að sjá að baki nokkrum sinna beztu manna, og að það er að eflast og útbreiðast yfir þetta meginland.

---

„Heimir“ tekur þakksamlega á móti kvæðum og ritgjörðum, sé þær almenns efnis, fræðandi eða skemtandi. En ritstjórnin áskilur sér jafnframt það vald, að ráða því, hvenær þær ritgjörðir birtast, án þess að þurfa að tilkynna höfundinum það. Enn fremur ræður ritstjórnarnefnd blaðsins því, hvort slíkar ritgjörðir eru teknar eða ekki, þyki þær að einhverju leyti at-  
hugaverðar.

---

Þetta númer „Heimis“ kemur nokkru seinna en ákveðið var, og er það vissra orsaka vegna. Útgefendurnir sendu fyrsta númerið víðsvegar út um byggðir til manna, er þeir báru það traust til, að myndi reyna að greiða götu blaðsins með því, að útvega því áskrifendur. En bæði er það, að um þetta leyti árs er annatími mikill, og svo eru póstgöngur tregar í ýmsum byggðarlögum, og má því oft bíða svars nokkuð lengi. En það þótti ekki gjörlegt að senda blaðið áfram án þess, að fá frétt í millitíðinni af því, hvernig því reiddi af. Það var því ákveðið, að slá tveimur númerum saman í eitt, og draga heldur útkomu þeirra, unz greinilegar skýrslur væri komnar frá útsöllumönnum. Nú hafa fréttir borist frá flestum, og þær að mörgu leyti góðar. Menn þeir, er tekið hafa að sér, að hafa útsölu ritsins á hendi, eiga þakkir skildar fyrir það, er þeir hafa gjört, og þann vilja, er þeir hafa sýnt í því, að reyna að efla það á allan hátt. Það er ósk og von útgefendanna, að sem flestir vildi gjöra slíkt hið sama.

Þess er og vænst, að dráttur sá, er orðið hefir á útkomu þessa eintaks verði fyrirgefinn af kaupendum og öðrum vinum blaðsins. Tvöfalt númer ætti ekki að verða mönnum ókærkomnara en einfalt, ef það væri þá líka fjölbreittara og yfirgripsmeira.

Næsta númer kemur út á ákveðnum tíma, að þrem vikum liðnum frá útkomu þessa blaðs.

NÝIR ÚTSÖLUMENN HEIMIS eru þessir:

Í stað I. L. Goodmans að Akra N. D. hefir herra Hallgr. Axfjörð í Cavalier N, D. lofað að annast um útsölu blaðsins. Að Hallson, herra Árni Magnússon. Aðrir útsölumenn hinir sömu og áður.

---

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfufélaginu eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg. — Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Útanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Helmir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.** Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björnu Pétursson, 663 Furby st., og eru allir útsölumenn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvíkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.